

Sýningar

Art-Hún

Stangarhyl 7, sími 673577
Art-Hún-hópurinn sýnir skúlptúrverk, grafík og myndir. Opíð virka daga kl. 12-18. Aðrir tímar eftir samkomulagi.

Ásgrímssafn

Bergstaðastræti 74, sími 13644
Safn Ásgríms Jónssonar verður lokað í desember og janúar en frá 1. febrúar 1992 verður opíð á laugardögum og sunnudögum kl. 13.30-16.00. Hópar og einstaklingar, sem vilja koma á öðrum tímum, geta haft samband við safnvörð.
Í vetur er sýning á ævintýra- og þjóðsagnamyndum eftir Ásgríms Jónsson í safni hans að Bergstaðastræti 74 í Reykjavík. Við val verka á sýninguna var meðal annars haft í huga að börn gætu haft gagn og gaman af henni. Enn sem fyrr geta hópar pantað leiðsögn um safnið með safnakennara.
Nánari upplýsingar veitir Þorgeir Ólafsson í síma 13644/621000.

Ásmundarsafn

Sigtúni, sími 32155
Þar stendur yfir sýning sem ber yfirskriftina Bókmenntirnar í list Ásmundar Sveinssonar. Jafnframt hefur verið tekið í notkun ný viðbygging við Ásmundarsafn. Safnið er opíð frá kl. 10-16 alla daga.

FÍM-salurinn,

Garðastræti 6
Mikið úrval olíumálverka, vatnslita- og grafíkmynda eftir félagsmenn í FÍM er nú til sýnis og sölu í FÍM-salnum. Flest verk eru ný en einnig er að finna eldri verk. Opíð er kl. 14-18 virka daga en lokað um helgar.

Gallerí Borg

Pósthústræti 9, sími 24211
Opíð daglega kl. 14-18.

Gallerí 11

Þóra Sigurðardóttir sýnir skúlptúra og teikningar til 30. janúar.

Gallerí List

Skipholti, sími 814020
Sýning á listaverkum eftir ýmsa listamenn. Opíð daglega kl. 10.30-18.

Gallerí Port

Kolaportinu
Opíð laugardaga kl. 10-16. Í febrúar einungis á sunnudögum verk eftir frístundamálara.

Gallerí Sævars Karls

Bankastræti 9, sími 13470
Svala Sigurleifs sýnir portret af listamönnum. Opíð á verslunartíma frá kl. 9-18.

Gallerí Úmbra

Amtmannsstíg 1, sími 28889
Leirlistarkonurnar Bryndís Jónsdóttir og Guðný Magnúsdóttir eru með sýningu á verkum sínum í Gallerí Úmbra. Sýningin er sölusýning. Galleríið er opíð þriðjudaga til föstud. kl. 12-18 og laugard. kl. 10-14.

Gunnarssalur

Þernunesi 4, Arnarnesi, Garðabæ
Sýning á verkum Gunnars S. Magnússonar stendur yfir í Gunnarssal. Sýningin er opin á laugard. og sunnund. kl. 14-20.

Hafnarborg

Strandgötu 34, sími 50080
Sveinn Björnsson listmálari opnar málverkasýningu laugardaginn 1. febrúar kl. 14. Opíð er frá klukkan 12-18 alla daga nema þriðjudaga.

Hótel Lind

Rauðarárstíg 18
Arnþór Hreinsson sýnir málverk í veitingasali Lindarinnar.

J. Hinriksson Maritime Museum

Súðarvog 4, sími 814677
Sjóminja- og vélsmiðjumunasafnið er opíð frá kl. 13-17 þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga og laugardaga.

Norræna húsið

Til sýnis er norsk vefjarlist. Sýningin stendur til 23. febrúar og verður opin daglega kl. 14-19.

Katel

Laugavegi 20b, sími 18610
(Klappargistismegin)
Til sölu eru verk eftir innlenda og erlenda listamenn, málverk, grafík og leirmyndir.

Kjarvalsstaðir

v/Miklatún, sími 26131
Í vestursal er sýning á verkum í eigu Reykjavíkurborgar eftir eldri meistaranum. Þeir eru m.a. Jón Engilberts, Jón Stefánsson, Ásgrímur Jónsson, Gunnlaugur Blöndal, Kristín Jónsdóttir, Júlíana Sveinsdóttir, Jóhann Briem og Gunnlaugur Scheving. Sýningin stendur til 16. febrúar. Kjarvalsstaðir eru opin daglega frá kl. 10-18 og er veitingabúðin opin á sama tíma.

Nýhöfn

Hafnarstræti 18, sími 12230
Sýning á olíumálverkum eftir Ingibjörgu Eyþórsdóttur. Sýningin stendur til 12. febrúar.

Kjarvalsstaðir:

Ljóð Hannesar

Á morgun, laugardaginn 1. febrúar, er opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á ljóðum eftir Hannes Sigfússon. Í vestursal stendur yfir sýning á verkum eftir átján eldri meistara og í austursal er sýning á verkum í eigu borgarinnar eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval.

Hannes Sigfússon (f.1922) var í hópi hinna ungu atómskálda sem ruddu

nýjum ljóðstíl braut um miðja öldina. Fyrsta ljóðabók Hannesar, Dymbilvaka, var einstætt verk er hún kom út 1949 og vakti mikla athygli ljóðaunnenda. Ljóðin eru byggð úr sérkennilegum og torræðum myndum, stillinn einkennist af nýstárlegri skynjun en í hinu ytra formi eru gjarnan eigindir hefðbundins kveðskapar.

Í nýjstu ljóðabók Hannesar, Jarðmunum 1991, er náttúran honum hugstæð, verndun hennar og gildi. Skáldskapurinn sjálfur, vandi hans og hlutverk, er honum enn sem fyrr áleitíð yrkisefni. Ljóðabækur Hannesar eru orðnar sjö að tölu en hann er einnig mikilvirkur þýðandi ljóða og smásagna.



Á sýningu Mattheu í SPRON getur að líta 14 málverk, öll máluð á striga.

Matthea Jónsdóttir sýnir

Á sunnudag kl. 14 verður opnuð sýning í útibú SPRON við Álfabakka 14 á verkum eftir Mattheu Jónsdóttur myndlistarkonu. Matthea stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann 1953-55 og Myndlistarskólann í Reykjavík 1960-1961. Hún hefur haldið 13 einkasýningar og verið

þátttakandi í fjölmörgum samsýningum hér heima og erlendis.

Matthea hefur nokkrum sinnum hlotið viðurkenningu fyrir verk sín á alþjóðasýningum, meðal annars í Frakklandi og Belgíu. Sýningin mun standa til 30. apríl.

Norræna húsið:

Norsk vefjarlist til sýnis

Á morgun, laugardaginn 1. febrúar, verður opnuð sýning í sýningar-sölum Norræna hússins á verkum eftir 15 norskar veflistakonur. Þetta er farandsýning sem fer héðan til Norðurlandahússins í Færeyjum og síðan aftur til Noregs. Sýningin stendur til 23. febrúar og er opin daglega kl. 14-19.

Listakonurnar, sem sýna verk sín, eru allar búsettar í Mið-Noregi. Þær vilja kynna listgrein sína, sem stendur með miklum blóma í heimabyggðum þeirra, og er sýningin brot af því

áhugaverðasta sem unnið er í vefjarlist í Noregi í dag. Hún gefur góða mynd af hversu fjölbreytilegur listvefnaður er um þessar mundir.

Þessi listgrein í sér djúpar rætur í Mi-Noregi, Arið 189 var stofnsettur vefnaðarskóli og vinnustofur fyrir vefjarlist. Skólinn var rekinn til 1909. Síðar komu fram aðrir listamenn og má nefna Hönnuh Ryggen en hún vakti mikla athygli á 4. áratugnum og varð áhrifavaldur nýrrar kynslóðar vefjarlistamanna sem hófu feril sinn 1960-1970.

Hugur og heili

Erindaröð á vegum heimspekinnema við háskólann heldur áfram á morgun. Í þetta sinn talar Jón Torfi Jónsson, dósent í uppeldisfræði, og

heitir erindi hans Hugur og heili. Erindið er 45 mínútna langt og eru allir velkomnir í stofu 101 í Odda kl. 15 á laugardag. Aðgangur er ókeypis.

Sveinn Björnsson í Hafnarborg

Sveinn Björnsson listmálari opnar málverkasýningu í Hafnarborg á morgun, laugardag, kl. 14.00. Á sýningunni verða 65 málverk við ljóð Matthíasar Johannessens, Sálmar á atómöld. Þessi ljóðaflokkur Matthíasar birtist fyrst í bókinni Fagur er dalur árið 1966 og var endurútgefinn á síðasta ári.

Sveinn Björnsson hefur unnið mynd við hvert hinna 65 ljóða í flokknum og leitast við að túlka þær myndhverfu líkingar sem koma fyrir í þeim. Myndirnar eru unnar í pastel og olíupastel og eru allar málaðar á árinu 1990.

Sveinn er þjóðkunnur málari. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga, bæði hér heima og erlendis, og tekið þátt í samsýningum.

Kjarvalsstaðir:

Safnaleiðsögn

Nú er hafin sérstök safnaleiðsögn fyrir sýningargesti að Kjarvalsstöðum. Sérfræðingur safnsins tekur á móti gestum í anddyri Kjarvalsstaða og fara með þá í gegnum sýningarnar Kjarval og eldri meistara úr Listasafni Reykjavíkur.

Safnaleiðsögn þessi verður framvegis á laugardögum og sunnudögum kl. 16.

Skólafólk hefur nýtt sé vel leiðsögnina og vilja forsvarsmenn Kjarvalsstaða beina þeim tilmælum til kennara að panta sérstaka tíma í síma 26188.

Kjarvalsstaðir eru opin daglega frá kl. 10 til 18 og er veitingabúðin opin á sama tíma.

Norræna húsið:

Saltkrákan

Á sunnudag verður kvikmyndasýning fyrir börn og unglinga í fundarsal Norræna hússins kl. 14.00. Sýnd verður myndin Tjorven og Skrállan sem gerð er eftir sögu Astrid Lindgren um lífið á Saltkráku. Myndin er gerð árið 1965. Lífið á Saltkráku er fjölbreytt og krakkarnir, þau Tjorven, Palli og Stína, skemmta sér vel. Það færast enn meira fjör í leikinn þegar hin tæplega tveggja ára Skrállan bætist í hópinn. Margir ættu að muna eftir þessum persónum úr sjónvarpsþáttum sem sýndir voru í Sjónvarpinu fyrir nokkrum árum. Aðgangur er ókeypis.

Mælskukeppni

Fyrri umferð í mælsku- og rök-ræðukeppni I. ráðs ITC verður haldin á Hótel Esju, 2. hæð, á sunnudag kl. 13.00. Fjögur lið keppa um áframhaldandi rétt til þátttöku.

Tvær tillögur liggja fyrir fundinum. Í annarri er lagt til að utanlandsferðir verði bannaðar í eitt ár og í hinni að framleiðsla og sala áfengis verði gefin frjál.

Sýningar

Listasafn

Einars Jónssonar
Njarðargötu, sími 13797
Opíð laugardaga og sunnudaga kl. 13.30-16. Lokað í desember og janúar. Höggmyndagarðurinn er opin daglega kl. 11-16.

Listinn

gallerí – innrömmun
Síðumúla 32, sími 679025
Upsetningar eftir þekktu íslenska málara. Opíð virka daga kl. 9-18, laugardaga kl. 10-18 og sunnudaga kl. 14-18.

Listasafn

Háskóla Íslands
í Odda, sími 26806
Þar er nú á öllum hæðum sýning á nýjum verkum í eigu safnsins. Opíð er daglega kl. 14-18. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands

Frikkirkjuvegi 7, sími 621000
Listasafnið er opíð alla daga nema mánudaga kl. 12-18 og er aðgangur ókeypis.

Listasafn Sigurjóns

Laugarnesi, sími 32906
Farandsýningin Sigurjón Ólafsson – Danmörk – Ísland 1991 – stendur yfir í listasafninu. Hér er um að ræða yfirlitssýningu. Sýningin er opin um helgar kl. 14-17.

Listhúsið Snegla

Grættisgötu 7, sími 620426
Þar eru listnir til sýnis og sölu, unnir af 15 listakönnum sem vinna í textíl, keramik og skúlptúr. Opíð mánudaga til föstudaga kl. 12-18 og laugardaga kl. 10-14.

Menntamálaráðuneytið

Hólmið Arnadóttir sýnir pappírverk, Guðrún Marinósdóttir textillágmyndir og Anna S. Gunnlaugsdóttir akrýlmálverk. Sýningin stendur til 19. febrúar og er opin virka daga frá 9-17.

Mílanó

Faxafeni 11, sími 678860
Hans Christiansen sýnir vatnslitamyndir. Þetta er 21. einkasýning listamannsins og sýnir hann nú um 20 myndir. Flestar myndanna eru nýjar og eru allar til sölu. Sýningin er opin alla virka daga kl. 9-19, laugardaga kl. 9-18 og sunnudaga kl. 13-18.

MÍR-salurinn

Vatnastíg 10, sími 17928

Mokkakaffi

v/Skólavörðustíg, sími 21174
Þorvaldur Þorsteinsson sýnir frummyndir úr bókinni Openings. Hann sýnir einnig á Nýlistasafninu.

Nýlistasafnið

Vatnastíg 3b, sími 14350
Þorvaldur Þorsteinsson sýnir teikningar, klippimyndir, texta og ljósmyndir. Opíð alla daga kl. 14-18. Hann sýnir einnig á Mokka.

Sjóminjasafn Íslands

Vesturgötu 8
Hafnarfirði, sími 52502
Opíð laugardaga og sunnudaga kl. 14-18.

Póst- og símaminjasafnið

Austurgötu 11, sími 54321
Opíð á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18. Aðgangur ókeypis.

Vinnustofa Ríkeyjar

Hverfisgötu 59, sími 23218
Þar eru til sýnis og sölu postulínslágmyndir, málverk og ýmsir litir hlutir. Opíð er á verslunartíma þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga og á laugardögum kl. 10-16.

Þjóðminjasafnið,

sími 28888
Sýning á óþekktum ljósmyndum og sýning á 32 vaxmyndum. Safnið er opíð þriðjud., fimmtud., laugard. og sunnudag kl. 12-16. Sérstök leiðsögn um safnið alla laugard. kl. 14.

Myndlistarsýning í Spron

Sýning á verkum eftir Mattheu Jónsdóttur myndlistarkonu. Sýningin mun standa yfir til 30. apríl nk. og verður opin frá kl. 9.15-16, þ.e. á afgreiðslutíma útibúsins.

Minjasafnið á Akureyri

Aðalstræti 58, sími 24162
Opíð daglega kl. 11-17. Þar stendur yfir sýning á mannmyndum Hallgríms Einarsónar ljósmyndara. Möppur með ljósmyndum liggja frammi og einnig eru til sýnis munir og áhöld af ljósmyndastofu Hallgríms.

